

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um hækkun launa
yfirlögregluþjóna og fasta yfirvinnu.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Ber að skilja tilvísun til launa fyrir dagvinnu í svari ráðherra á þingskjali 983 (444. mál) svo að öll vinna umræddra yfirlögregluþjóna umfram dagvinnu hafi verið greidd sérstaklega til viðbótar „fastri yfirvinnu“ og að ekkert vinnuframlag hafi komið á móti því sem nefnt er „föst yfirvinna“?
2. Eru fastar yfirvinnustundir taldar sem unninn tími í yfirliti um vinnutíma?
3. Hefur ráðherra vitneskju um hversu margir fastir yfirvinnutímar af þessum toga eru greiddir í stofnunum ríkisins á ári hverju?
4. Er rétt skilið að tímalaun umræddra starfsmanna fyrir yfirvinnu hafi að meðaltali hækkað um 48%? Ef svo er, hvað hefðu tekjur þeirra hækkað um háa fjárhæð ef þessi yfirvinnulaun hefðu verið í gildi allt árið 2019? Telur ráðherra hugsanlega hættulegt fordæmi felast í launaákvörðun af því tagi sem hér um ræðir?

Skriflegt svar óskast.